



## Sterkur vinnumarkaður sem hefur áhrif víða í hagkerfinu

### Áfram svipuð þróun á vinnumarkaði

Stærstu tíðindin af íslenskum vinnumarkaði nýlega voru eflaust ákvörðunin um að kjarasamningum verði ekki sagt upp. Í tengslum við þá ákvörðun var m.a. bent á að talsverð harka gæti orðið í samskiptum á vinnumarkaði eftir að nógildandi samningar renna út. Vinnumarkaðurinn er sterkur um þessar mundir og ætla má að svo verði áfram og byggja yfirlýsingar eins og þær hér að ofan væntanlega að hluta til á því að markaðurinn er með besta móti. Nýjustu tölur Hagstofunnar um stöðuna á vinnumarkaði í janúar sýna ekki miklar breytingar. Svipuð staða og verið hefur uppi síðustu mánuði, eilítil merki eru um að spennan sé að minnka sem aftur er vísbending um að núverandi hagsveifla hafi líklega náð hámarki.

### Fjöldi starfandi eykst áfram




Fjölgun starfandi fólks á vinnumarkaði var nokkuð stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Þá tók við tímabil með minni fjölgun starfsfólks. Miðað við síðustu tölur virðist meiri fjölgun hafa orðið upp á síðkastið.

### Atvinnuþáttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþáttaka jókst stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Síðan þá hefur dregið úr atvinnuþáttöku um rúmt eitt prósentustig sé miðað við hlaupandi meðaltal og hefur hlutfallið haldist nokkuð stöðugt á þeim stað. Atvinnuþáttaka er eftir sem áður mikil hér á landi og er nú álíka og hún var vorið 2016 og til muna hærrí en hún var á árinu 2012.

### Vinnutími styttest

Meðalvinnutími hefur haldið áfram að styttest eilítið sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Meðalfjöldi vinnustunda hefur verið tiltölulega stöðug stærð í langan tíma, nú tæplega 40 stundir á viku og þróunin er frekar í áttina niður á við, en þó er ekki um miklar breytingar að ræða.





### Vinnustundanoftkun minnkar

Þegar starfandi fólki fækkar samtímis því að meðalvinnutími styttest er afleiðingin sú að unnum vinnustundum í hagkerfinu fækkar sem er áætis vísbending um stöðu hagsveiflunnar.

### Mismunandi mælingar á fjölda starfsmanna

Við höfum [áður bent á](#) að Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar nái hugsanlega illa utan um fjölgun erlendra starfsmanna hér á landi. Seðlabankinn hefur bent á að fjölgun starfa samkvæmt staðgreiðsluskrá styðji við þessa tilgátu. Samkvæmt staðgreiðsluskrá hefur starfandi fólki fjölgað mun meira á síðustu ársfjórðungum en tölur Hagstofunnar sýna. Staðgreiðsluskrá sýndi einnig töluvert meiri fjölgun starfandi í október en niðurstöður Hagstofunnar gerðu sem aftur gæti stutt þá tilgátu að fjölgun starfa sé enn vanmetin í vinnumarkaðskönnuninni.


### Erlent vinnuafli eykst áfram

Áfram hefur verið mikill kraftur í innflutningi erlends vinnuafli. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum á aldrinum 20-59 ára fjölgaði umfram brottflutta um rúm 7 þúsund manns á árinu 2017 eða 3,9% af mannfjölda á þeim aldri. Það er mesta fjölgun sem hefur mælst á einu ári. Starfsfólki starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja fjölgaði um tæp 60% milli ára í fyrra og var um 1% af vinnuaflinu í lok ársins.


### Áhrif erlendra starfsmanna mikil

Það er ljóst að mikil fjölgun erlendra starfsmanna hefur að miklu leyti komi í veg fyrir mikla spennu á vinnumarkaði þar sem þátttaka þeirra kemur að miklu leyti í veg fyrir mikla umframeftirspurn eftir starfsfólki. Að þessu leyti stuðlar fjölgun erlendra starfsmanna að meiri stöðugleika og eykur framleiðslugetu þjóðarbúsins. En áhrif fjölgunar erlendra starfsmanna kemur víðar fram. Í [nýlegri ritgerð](#) sem Seðlabanki Íslands hefur birt kemur þannig fram að 1% fjölgun erlendra starfsmanna leiði að jafnaði til 2,7% hækkunar á raunverði fasteigna. Það er auðvitað ljóst að einhvers staðar verða erlendir starfsmenn að búa og fjölgun þeirra leiðir til aukinnar spennu á fasteignamarkaði.


### Mælingar á þróun fjölda fólks á vinnumarkaði



### Flutningar og erlendir ríkisborgarar



### Aðfluttir erlendir ríkisborgarar umfram brottflutta, 20-59 ára





### ***Horfur áfram svipaðar***

Vetrarkönnun Gallup hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins bendir til þess að störfum muni fjölga áfram á fyrri hluta þessa árs. Þau fyrirtæki sem vildu fjölga starfsfólki voru um 15% fleiri en þau sem vildu fækka fólki sem er svipað hlutfall en var í könnun Gallup frá því sl. haust.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.